

# Sýning á verkum Ólafar Pálsdóttur myndhöggv- ara í London opnuð í dag

FRÚ Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari og sendiherrafrú í Lundúnum opnar í dag sýningu á höggmyndum sínum; alls 36 verkum. Sýningin er í vinnustofu hennar í sendiherrabústaðnum í London, og stendur hún í eina viku. Sýningin er nokkurs konar yfirlitssýning á verkum Ólafar, og eru höggmyndirnar unnar allt frá námsárum hennar til dagsins í dag.

Frú Ólöf sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, er blaðamaður hringdi til London, að lengi hefði verið á döfinni að halda þessa sýningu, en ýmsar ástæður hefðu þó orðið þess valdandi að ekki hefur af því orðið fyrir en nú.

Tvívægis höfðu henni boðist mjög góðir sýningarsalir, en hún varð að afþakka þá í báðum tilvikum, vegna anna hennar og manns hennar, Sigurðar Bjarnasonar sendiherra, við opinber störf. Nú eru þau Sigurður að flytjast heim til Íslands, og sagði Ólöf að mjög erfitt hefði verið að vinna að uppsetningu sýningarinnar samhliða önnur við búferlaflutningana, kveðjusamsæti og opinber störf. Hún hefði að athuguðu máli ákveðið að halda sýninguna í vinnustofunni, þó þar væri að visu þröngt, og erfitt hefði verið að koma mörgum verkanna upp stiga og inn í salinn. Þá væri einnig af eðlilegum ástæðum mikið rask í

bústaðnum vegna yfirstandandi flutninga, en þetta hefði verið besti kosturinn.

Verkin á sýningunni eru mjög misstór, og þau eru afar fjölbreytileg að gerð, og unnin í margskonar efni, svo sem brons, gips og fleiri tegundir. Sýningin hefur þegar vakið athygli í Lundúnum, fyrir opnunina, og stórblaðið The Times birti til dæmis þriggja dálka mynd af listamanninum við eitt verkanna á sýningunni nú fyrir helgi. — Sýningin er sem fyrr segir haldin í vinnustofu frú Ólafar í sendiherrabústaðnum, 101 Park Street, London W1, og stendur nú í eina viku.



## Fjölmenni við opnun sýningar Errós

SÝNING á verkum Errós, Guðmundar Guðmundssonar, var opnuð í Norræna húsinu á laugardaginn, að viðstöddu fjölmenni. Hér takast þeir í hendur á sýningunni, Davíð Oddsson borgarstjóri í Reykjavík, og listamaðurinn, Erró. Þetta er sölusýning, og seldust fjölmörg verkanna þegar við opnunina, en þetta er fyrsta sýning Errós hér heima í mörg ár, ef undan er skilin yfirlitssýning á verkum hans á Listahátíð fyrir nokkrum árum.



## Septem-hópurinn sýnir á Kjarvalsstöðum

FJÖLMENNT var á opnun sýningar Septem-hópsins á Kjarvalsstöðum um helgina, en sýningin þar verður opin í tvær vikur. Septem-hópurinn

sýndi fyrst saman 1947, og hefur hluti hópsins haldið sýningar af og til fram á þennan dag, en þessi sýning er tíunda sýningin á jafnmörgum árum í

röð, og þegar er ákveðin sýning að ári. Þetta er sölusýning, og eru flest verkin unnin á þessu ári og árinu 1981.



**Plasteinangrun**  
**ARMAPLAST**  
Glerull — Steinull  
Armúla 16 sími 38640  
**P. ÞORGRÍMSSON & CO**



## Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sala og endurnýjun áskriftarskrteina fyrra misseris þessa starfsárs hefst í dag þriðjudaginn 14. sept. á skrifstofu hljómsveitarinnar, **Hverfisgötu 50**, 4. hæð, sími 22310 (athugið nýtt heimilisfang).

Áskrifendur hafa forkaupsrétt á skrifteinum sínum til og með 24. þessa mánaðar.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

*Bilamarkaðurinn*  
sími 25252  
*Grettisgötu 12-18*



**BMW 323 I 1981**  
Beis, ekinn 13 þús. Sólluga, litað gler, rally stólar o.fl. Verð 225 þús.



**Einnig:  
BMW 320 1981**  
Grár, ekinn 30 þús. Útvarp, segulband, sportfelgur. Verðtilboð.



**Nýr bíll  
Subaru 1800 4x4 1982**  
Rauður, ekinn 5 þús. km. Verð 185 þús.



**Citroën GS 1979**  
Gulbeis, ekinn 30 þús. Endurriðvarinn, útvarp, segulband. Fallegur einkabíll. Verð 88 þús.



**Range Rover 1972**  
Gulur, ekinn 37 þús. Velútlítandi bíll. Verð 110 þús.



**Plymouth Volare station 1979**  
Brúnn, ekinn 50 þús. 8 cyl, sjálfsk., aflstýri, útvarp, segulband, snjó- og sumardekk. Bíll í sérflokki. Verð 145 þús.



**Mazda 626 1980**  
Brúnsanseraður 5 gíra. Verð 105 þús. Fallegur bíll.



**Chevrolet Citation 1980**  
Blár, 5 dyra, ekinn 9 þús. km 4 cyl, beinsk., aflstýri, útvarp, segulband, snjó- og sumardekk. Verð 170 þús. Skipti, greiðsluskilmálar.



**Blazer 1976**  
Grænn og hvítur, ekinn 33 þús míl. 6 cyl vél, 4ra gíra kassi (beinsk.). Útvarp, segulband. Fallegur bíll. Verð 160 þús.